

Framkvæmdasýsla ríkisins  
Práinn Sigurðsson  
Borgartúni 7  
150 Reykjavík

2005010126  
5000; 9310

Reykjavík, 12. apríl 2006  
/--

**Efni: Lagning bráðabirgðavegar að upptakasvæði stoðvirkja í Fífladölum. Breytingar á framkvæmdum vegna snjóflóðavarna á Siglufirði. Ákvörðun um matsskyldu.**

Vísað er til erindis Framkvæmdasýslu ríkisins, mótttekið 8. mars 2006, þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt lagning bráðabirgðavegar að upptakasvæði stoðvirkja í Fífladölum á Siglufirði samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13 a í 2. viðauka laganna. Um er að ræða breytingar á framkvæmdum vegna snjóflóðavarna á Siglufirði sem Skipulagsstofnun kvað upp úrskurð um þann 4. október 2002 en samkvæmt framlögðum gögnum við þá málsmeðferð var gert ráð fyrir efnisflutningum vegna stoðvirkjagerðar með þyrllu.

Skipulagsstofnun leitaði álits Siglufjarðarkaupstaðar og Umhverfisstofnunar. Umsagnir bárust frá Siglufjarðarkaupstað með bréfi dags. 24. mars 2006 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 24. mars 2006. Ekki voru gerðar athugasemdir að hálfu framkvæmdaraðila við umsagnirnar.

## **FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA**

### **Fyrirhuguð framkvæmd**

Um er að ræða 4 m breiðan og um 1,7 km langan vegslóða sem fyrirhugað er að leggja að stoðvirkjasvæði á upptakasvæði snjóflóða í Fífladölum ofan þéttbýlisins á Siglufirði. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að vegslóðinn verði lagður í beinu framhaldi af núverandi vegi upp í Hvanneyrarskál og verði vegstæðið áberandi í hlíð fjallsins einkum úr sunnanverðum bænum. tilgangur með lagningu vegslóðans sé að koma efni, búðnaði og tækjum upp í Fífladali vegna byggingar stoðvirkjanna. Fram kemur að gert sé ráð fyrir að vegslóðinn verði gerður með skeringum í grófar skriður í fjallinu en ekki sé gert ráð fyrir að nota aðkeyrt fyllingarefni í veginn. Á tæplega helmingi leiðarinnar muni vegurinn liggja um gróið land, aðallega graslendi, lyngmóa og mosagróður. Fram kemur að gert sé ráð fyrir að ummerki um slóðann verði afmáð eins og kostur sé eftir að framkvæmdum við uppsetningu stoðvirkjanna ljúki árið 2010. Við frágang verði þess gætt að hrjúfleiki yfirborðs verði í sem mestu samræmi við áferð nærliggjandi skriðuumhverfis en þar sem land sé gróið sé fyrirhugað, í samráði við

grasafraeðing, að sá grasfræi sem miði að því að auðvelda útbreiðslu gróðurs í næsta nágrenni yfir í slóðafarið og til þess að loka jarðvegssárum og hindra fok.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Í umsögn Siglufjarðarkaupstaðar kemur fram að umhverfisáhrif lagningar fyrirhugaðs bráðabirgðavegslóða séu mjög lítil í samanburði við allt það rask sem hafi verið og verði við uppsetningu stoðvirkjana auk annarra framkvæmda, s.s. byggingar varnargarða. Því telur Siglufjarðarkaupstaður að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á að fyrirhuguð framkvæmd hafi fyrst og fremst sjónræn áhrif í för með sér. Unnt sé að draga verulega úr þessum áhrifum með þeim vinnubrögðum sem ráðgert sé að viðhafa við gerð vegarins og frágang vegsvæðisins að verki loknu. Með hliðsjón af ofangreindu telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér að því tilskildu að staðið verði að frágangi eins og honum sé lýst í tilkynningu Framkvæmdasýslu ríkisins. Umhverfisstofnun fer þess á leit að samráð verði haft við stofnunina um frágang í Hafnarhrynu.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða lagningu um 1,7 km bráðabirgðavegslóða upp að stoðvirkjasvæðum í Fífladölum á Siglufirði. Í framkvæmdinni felst breyting frá upphaflegum áformum framkvæmaraðila miðað við framlögð málsgögn vegna snjóflóðavarna á Siglufirði árið 2002 og fyrir liggur fyrirnefndur úrskurður Skipulagsstofnunar um. Þar var ekki gert ráð fyrir vegagerð upp að svæðinu í Fífladölum heldur var ætlunin að flytja efni með þylum. Framkvæmdin er því tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Fyrir liggur að vegstæði fyrirhugaðs slóða mun blasa við frá þéttbýlinu á Siglufirði og telur Skipulagsstofnun að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa nokkur neikvæð áhrif á yfirbragð og ásýnd fjallshlíðarinnar sem er gróin á um 800 m kafla. Þessi áhrif eru að öllum líkindum að mestu tímabundin þar sem stefnt er að því að afmá ummerki vegslóðans eins og kostur er m.a. verður sáð í slóðann á þeim svæðum sem hann liggur um gróið land til þess að hann falli sem best að grónum svæðum umhverfis. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að þar sem vegslóðinn verður gerður með skeringu í grófar skriður verði umfang hans eins lítið og kostur er og eftir föngum reynt að koma í veg fyrir að efni hrynji niður óhreifðar skriðurnar. Að öðrum kosti verður að mati stofnunarinnar frágangur mjög erfiður og sárið meira áberandi. Þá telur stofnunin að miða beri frágang við að ekki verði úrrennsli úr vegslóðanum. Að mati stofnunarinnar er ekki líklegt að sjónræn áhrif framkvæmdarinnar verði veruleg þegar til lengri tíma er litið en lögð er áhersla á að fylgt verði þeirri frágangstilhögun sem kynnt er í framlögðum gögnum framkvæmaraðila í samráði við Umhverfisstofnun.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Framkvæmdasýslu ríkisins við tilkynningu auk umsagna. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagning

bráðabirgðavegar að upptakasvæði stoðvirkja í Fífladölum á Siglufirði sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Siglufjarðarkaupstaðar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Þar sem um er að ræða vegslóða sem verður afmáður þarf ekki að gera breytingar á Aðalskipulagi Siglufjarðar 2003-2023 vegna hans.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 17. maí 2006.

Þóroddur F. Þóroddsson

Jakob Gunnarsson

Afrit.  
Umhverfisráðuneytið, Siglufjarðarkaupstaður og Umhverfisstofnun.